

Föstudaginn 23. maí 1958.

Nr. 66/1955. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

James Stanley Harper (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu.

Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur gefið álitsgerð í málinu. Hann hefur markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsins Þórs hinn 23. marz 1955. Samkvæmt því reyndist staður togara ákærða tæplega 0.9 sm fyrir innan fiskveiðimörkin kl. 12.48, um 0.8 sm innan þessara marka kl. 12.55 og um 0.6 sm innan sömu marka til kl. 13.00. Staður dufls þess, sem varðskipið setti út kl. 13.08 við togarann, reyndist vera rúmlega 0.5 sm innan markanna.

Þá hefur skólastjórinn hinn 7. október 1957 markað sömu staðarákvarðanir á sjókort, þannig að reiknað er með $2\frac{1}{2}^\circ$ skekkju í miðunum til togarans og 2.5% fjarlægðarskekkju á notaðan mælikvarða ratsjárinnar, en framangreindar skekkjur höfðu fundizt við rannsókn á ratsjám varðskipsins Ægis og fleiri skipa. Skólastjórinn miðaði útsendingar sínar við mælingar á 12 sm ratsjár-mælikvarða. Samkvæmt því verður fjarlægðarskekkjan 0.3 sm og sé reiknað með því, að hún hafi verið +, þ. e. ákærða í vil, verða staðir togara ákærða innan fiskveiðimarkanna sem hér segir: Um 0.5 sm kl. 12.48, um 0.46 sm kl. 12.55 og um 0.3 sm kl. 13.00. Síðar hefur komið í ljós, að ratsjár varðskipsins Þórs hafa 10 sm, en eigi 12 sm fjarlægðarkvarða. Verða nefndar niðurstöður skólastjórans þeim mun hagstæðari ákærða.

Að tilhlutun Hæstaréttar voru í sakadómi Reykjavíkur hinn 16. október 1957 dómkvaddir þeir Sigurður Þorkelsson, yfirverkfræðingur í radiódeild Landssíma Íslands, Sigurður Halldórsson rafmagnsverkfræðingur, Ingólfur Þórðarson, siglingafræðikennari við Stýrimannaskólann í Reykjavík, og Jónas Sigurðsson, siglingafræðikennari við sama skóla, til þess að sannreyna á sem ýtarlegastan og tryggilegastan hátt nákvæmni ratsjáa varðskipsins Þórs, sem eru af Decca og Kelvin-Hughes gerðum og voru settar í varðskipið í lok janúar 1955.

Tveir hinna dómkvöddu manna, þeir Jónas Sigurðsson og Ingólfur Þórðarson, kennarar við Stýrimannaskólann, hafa markað staðarákvarðanirnar á sjókort, þannig að reiknað er með $\pm 2\%$ fjarlægðarskekkju á 10 sm kvarða Decca-tækisins og $\pm 3^\circ$ skekkju í miðun til togarans. Við þessa aðferð koma fram staðarmarghyrningar í sjókortinu, og innan þeirra takmarka hafa staðið togara ákærða verið, þá er varðskipið framkvæmdi mælingar sínar.

Staður togarans kl. 12.48 er innan marghyrnings X og liggur sá marghyrningur frá 0.5—0.6 sm til 1.2—1.3 sm innan fiskveiðimarkanna.

Staður togarans kl. 12.55 er innan marghyrnings Y, en hann liggur frá 0.6—0.7 sm til um 0.9 sm innan sömu marka.

Staður togarans kl. 13.00 er innan marghyrnings Z, en hann liggur frá 0.4—0.5 sm til 0.7—0.8 sm innan nefndra marka.

Loks hefur skólastjóri Stýrimannaskólans hinn 31. desember 1957 markað staðarákvarðanir á sjókort samkvæmt téðum skekkjum á ratsjám varðskipsins Þórs. Eru niðurstöður skólastjórans nærfellt hinar sömu og hinna dómkvöddu manna.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður að telja, að staðarákvarðanir löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Sannað er og, að hann var þar að veiðum. Með því hefur hann gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr.

laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952 sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924.

Með skirskotun til þessa og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur gekk, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum, ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, James Stanley Harper, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. marz 1955

Ár 1955, föstudaginn 25. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1225/1955: Ákærvaldið gegn James Stanley Harper, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði er James Stanley Harper, skipstjóri á brezka togaranum Wyre Gleaner, F.D. 23, til heimilis í 14 Broadway West í Fleetwood, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, sbr. 1. gr. laga nr. 82 8. desember 1952 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara miðvikudaginn 23. marz 1955 um kl. 13.00 vestur af Vestmannaeyjum innan markalínu þeirra, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21, 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952.

Ákæríst hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 2. apríl 1904 í Lowestoft, og hefur hvorki sætt ákæru eða refsingu, svo kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, var varðskipið hinn 23. þ. m. á eftirlitsferð austur Selvogsbanka og sást þá togari, sem virtist vera á landhelgis-svæðinu.

Kl. 12.48 gerðu skipherrann og III. stýrimaður varðskipsins þessa staðarákvörðun: Dalfjall $\triangle \neq$ Einidrang, fjarlægð 7,6 sjómíllur, togarinn miðast í réttvísandi 116° , fjarlægð 4,4 sjómíllur.

Kl. 12.55 gerðu skipherrann og allir þrír stýrimenn varðskipsins þessa staðarákvörðun: Ystiklettur $\#$ Einidrang, fjarlægð 6,5 sjómíllur, togarinn þá að bera vel norðan við Hellisey, fjarlægð 2,6 sjómíllur.

Kl. 12.57 sneri togarinn vestur um meira.

Kl. 13.00 gerðu sömu menn þessa staðarákvörðun: Elliðaey $\neq$ Einidrang, fjarlægð 5,5 sjómíllur. Þá var togarinn að sjá vel laust N úr Hellisey, fjarlægð 1,0 sjómíla.

Kl. 13.05 sást, að togarinn var að veiðum og var honum þá strax gefið stöðvunarmerki. Kl. 13.06 nam varðskipið staðar við togarann, sem var að veiðum með stjórnborðsvörpu. Beðið var til kl. 13.08, meðan varpa togarans fjarlægðist, og þá sett út ljósdufl, en togarinn hélt áfram beint út.

Kl. 13.08 gerðu skipherrann og stýrimenn varðskipsins þessa staðarákvörðun við duflið: Fjarlægð í Einidrang 4,78 sjómíllur og í Geirfuglasker 11,0 sjómíllur, dýpi 92 metrar, sem gefur stað duflsins 0,4 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna.

Kl. 13.15 dró togarinn inn vörpu sína og var í henni dálítið af fiski. Kl. 13.25 var bátur settur út frá varðskipinu og skipstjóri togarans, ákærði, sóttur yfir í skip sitt, sem reyndist vera Wyre Gleaner, F.D. 23. Voru síðan mældir sömu staðir og kl. 13.08 og mældust þeir nákvæmlega eins og áður.

Sjór ASA 4—6, veður A 7—9, en var að bráðhvesa.

Kl. 14.05 var báturinn tekinn upp, eftir ýtarlegar mælingar með ákærða.

Þar sem vindur var orðinn A 10—11, fóru nú skipin í var upp undir Vestmannaeyjar og var ákærði fluttur aftur yfir í skip sitt.

Frá Vestmannaeyjum var haldið til duflsins aftur og staður þess mældur að nýju kl. 18.55 og reyndist hinn sami og áður. Allar mælingar varðskipsins voru gerðar með ratsjám á víxl til samanburðar.

Varðskipið beið með togaranum á þessum slóðum eftir tilmælum ákærða, meðan hann reyndi að ná sambandi við brezka eftirlitsskipið hér við land, en þær tilraunir hans báru ekki árangur.

Kl. 23.34 héldu skipin af stað til Reykjavíkur og komu þangað kl. 10.10 í gær.

Skýrslu þessa hafa skipherra varðskipsins og stýrimenn þess staðfest með eiði.

Þegar ákærða hafði hér fyrir dómi verið kunngerð skýrsla sú, sem nú hefur verið rakin, skýrði hann svo frá, að hann gæti raunar ekkert við henni sagt, en tók jafnframt fram, að ef hann hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna, hafi það eigi verið viljandi. Hann skýrir annars svo frá, að um 50 mínútur áður en varðskipið kom að togaranum, hafi hann kastað stjórnborðsvörpu í 8 sjómílna fjarlægð frá Geirfuglaskeri, en lítið eitt sunnan línunnar Þrídrangar í Einidrang. Hann kastaði í norðlæga stefnu, og togaði í NNW allt þar til varðskipið kom að honum, og þegar hann var vel byrjaður að toga, báru Þrídrangar og Einidrangur næstum saman og var fjarlægð togarans frá Einidrang þá samkvæmt ratsjarmælingu ákærða 4,5 sjómílar. Síðustu hálfu klukkustund togsins sá ákærði á dýptarmæli togarans, að dýpið var 52 faðmar, og það dýpi var þar sem varðskipið stöðvaði hann. Af þessu dýpi og því einu réði hann, að hann væri utan fiskveiðitakmarkalínunnar, því að aðrar mælingar í þessu tilliti gerði hann ekki. Ratsjá togarans hafði hann í gangi, en hafði hennar ekki not, því að vegna stefnu togarans sást Einidrangur ekki að neinu gagni í henni vegna reykháfs togarans. Ákærði heldur því fram, að sér hafi gefizt kostur á að gera mælingar með ratsjá varðskipsins, eins og skipherrann hefur frá skýrt, en sér hafi ekki notast af því vegna geðshræringar sinnar, þegar þar við bættist, að vonzkuveður var og sjógangur.

Vegna staðhæfingar ákærða um dýpið hefur skipherrann tekið fram, að mjög litlu muni á dýptarmælingu sinni og ákærða, sjór hafi verið um hálfvallinn og vera megi, að sjógangur hafi haft einhver áhrif á dýptarmælinguna.

Með framangreindum skýrslum skipherra og stýrimanna varðskipsins, sem ákærði hefur eigi treyst sér til að véfengja, enda þótt hann hafi álitid sig vera utan fiskveiðitakmarkanna, telst

sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna og hefur hann þannig gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og ber að ákveða honum refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nmr. 81/1952.

Með tilliti til stærðar togarans, 433,53 brúttó rúmlestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skal allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þennan kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, James Stanley Harper, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með talin dragstrengir, togarans Wyre Gleaner, F.D. 23, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnaralaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.